

# *Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.*

## FUNDARGERÐ

### 15. fundur

Fundur var haldinn í Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga föstudaginn 11. júlí árið 2008. Fundurinn var haldinn í stjórnsýsluhúsi Norðurþings að Ketilsbraut 7-9 á Húsavík og hófst hann kl. 15<sup>00</sup>.

Fundinn sátu:

Eiður Árnason, Helgi Hallsson, Kolbeinn Kjartansson, Kristján Snæbjörnsson og Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

**1. 200806083 – Erindi frá Sigurði Pálssyni, Lækjavöllum**

Óskað er eftir leyfi til að klæða íbúðarhúsið að Lækjarvöllum með bærustálklæðningu og einangra með 50 mm steinull

*Byggingarnefnd samþykkir erindið.*

**2. Erindi frá Jóhannesi Jóhannessyni**

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir 14,5 m<sup>2</sup> bjálkahús á steiptum húsgrunni Sólbakka í Flatey. Teikning er árituð af Per Langesøe Christensen arkitekt. Fyrir liggur þinglýstur lóðarsamningur.

*Byggingarnefnd samþykkir erindið.*

**3. Erindi frá Jóni Sigurjónssyni og Ingunni Áskelsdóttur**

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir 22,0 m<sup>2</sup> bjálkahús með svefnlofti á landi þeirra sunnan Seláss í Reykjadal. Teikningar eru unnar af Svanlaugi Sveinssyni. Fyrir liggur samþykki eigenda á Laugabóli og Selási.

*Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um fullnægjandi skil á gögnum.*

**4. Erindi frá Eini Viðari Björnssyni og Guðfinnu Sverrisdóttur**

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir 60 m<sup>2</sup> frístundahús á loð þeirra að Einarstöðum. Fyrir liggur skrifleg yfirlýsing nágretta að Einarstöðum um að þau geri ekki athugasemd við byggingu hússins. Húsið kemur til með að standa á grunni eldra frístundahúss sem þegar hefur verið fjarlægt.

*Byggingarnefnd samþykkir erindið að því tilskyldu að fullnægjandi gögnum verði skilað til byggingarfulltrúa.*

**5. Erindi frá Degi Tryggvasyni og Guðrúnu Friðriksdóttur**

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir 25 m<sup>2</sup> “skógarkofa” í landi Breiðaness í Reykjadal. Teikningar eru unnar af Finni Dagssyni byggingarfræðingi. Fyrir liggur samþykki Norðurlndsskóga.

*Byggingarnefnd samþykkir erindið að því tilskyldu að fullnægjandi gögnum verði skilað til byggingarfulltrúa.*

## ***Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.***

### **6. Erindi frá Norðurljónum í Reykjadal**

Óskað er eftir stöðuleyfi fyrir einn 40 feta gám og annan 20 feta gám. Meðfylgjandi er rissmynd af afstöðu þeirra til verkstæðishúss. Kristján vék af fundi við afgreiðslu þessa erindis.

*Byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkt verði stöðuleyfi til tveggja ára fyrir gámana.*

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16<sup>00</sup>.

Kristján Snæbjörnsson  
Eiður Árnason  
Kolbeinn Kjartansson  
Helgi Hallsson  
Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi